	Hafnarfjarðarbær
Innk:	35.2016
Málsnr:	1602009
Bréfal:	512

Hafnarfirði 2. Maí 2016

Til Byggingafulltrúa Hafnarfjarðar

Erindi: Beiðni um túlkun á síðustu málsgrein í þinglýstri Eignaskiptayfirlýsingu 4420-0030 Hvaleyrarbraut 3 í Hafnarfirði, sem dagsett er 7.júlí 1990, þinglýsingarskjal nr. A6127, hljóðar þannig:

„Lóðin er óskipt sameign allra eininga hússins nema að óbyggður lóðarhluti II. hæðar í matshluta 02, sem er 467,6 ferm., er úr suðvesturhluta lóðarinnar á milli hússins og Ásbúðartraðar.“


Þar sem orðalag málsgreinarinnar er ekki skirt og nú liggur fyrir beiðni meirihluta (89,1%) eigenda fasteignarinnar um verulega skipulagsbreytingu á lóðinni fara eigendur minnihlutans (10,9%) Markus Lifenet ehf. fram á að Byggingafulltrúi Hafnarfjarðar eða þar til bært yfirvald skeri úr um túlkunarágreiðing eigenda á þessari grein.

Fulltrúi meirihlutans hefur túlkað umræddan lóðarhluta 467,6 ferm. framan við húshluta 02-02-01 til 06 á annarri hæð í húshluta 02, sameign allra þrátt fyrir umrædda málsgrein og hefur í valdi meirihlutans dregið að láta ganga frá lóðinni, þ.e. setja niðurföll og varanlegt slitlag og merkja bílastæði, þrátt fyrir óskir meðeigenda sinna í umræddum hluta fasteignarinnar, þ.e. efri hæð í hluta 02, þrátt fyrir kvaðir sem fylgt hafa lóðasamningi, sjá leigusamning um lóðina, þinglýsingarskjal nr. A-6820 frá 14. Júní 1995, lið 2

Minnihlutinn þ.e. fulltrúi Markus Lifenet ehf. eigandi 10,9% heildareignarinnar og u.þ.b. 33,54% í eignarhluta í efri hæð hlutar 02, sem hefur eingöngu inngang og aðkeyrslu frá umræddum lóðarhluta, telur í ljósi umræddrar málsgreinar, að bílastæði og aðkeyrsla á lóðinni sé séreign þeirra sem hafa aðalinngang og iðnaðarhurðir að umræddum lóðarhluta.

Virðingarfyllst

Fyrir hönd Markus Lifenet ehf.



Pétur Th. Pétursson framkvæmdastjóri.

GSM: 8641376 – Netfang: pthp@simnet.is

**ISO 9001:2008 Vottað Gæðakerfi af Lloyd's Register LRQA****Maður fyrir borð öryggi og björgun er okkar viðfangsefni.**